



Dagsetning: 9. október 2024  
Málsnúmer: 2409155/2.4

Til Skipulags- og framkvæmdanefndar

## MINNISBLAÐ

Tillögur að breytingum á gjaldskrá sorpsamlags 2025

Gjaldskrá sorpsamlags var mikið breytt á síðasta ári. Klippikort tekin upp á móttökustöð og gjöld hækkuð almennt um 35%. Hækkunarþörfin var hins vegar metin um 40-45% (10-15millj.). Rekstur 2024 er að mestu á áætlun og útlit er því fyrir framúrkeyrslu af svipaðri stærðargráðu.

Snemma árs ákvað Úrvinnslusjóður að hætta greiðslum vegna samsöfnunar endurvinnsluefnis frá heimilum. Fjarðabyggð verður af tekjum uppá u.þ.b. 1,5millj. á mánuði vegna þessa eða sem svarar til um 7% hækkunar á aðrar álögur.

Almennar hækkanir á gjaldskrá samsöfnunarsveitarfélagsins er 5,6% samkvæmt upplýsingum frá fjármála og greiningasviði.

Lagt er til að hækkun gjalda sorpsamlags verði 18% á fasta gjaldstofna tengdum fasteignum.

Ekki er lagt til hækkun á klippikortum. Almennar hækkanir verðlags ráða hækkun á efnisstrauma í urðun nema í flokknum „Blönduðu“. Hann er hækkaður um 36% og ber einnig hækkunarþörf af klippikortum fyrirtækja. Gagnrýnt er að lítil og meðalstór fyrirtæki, sem hafa ekki aðra valkosti en að nýta móttökustöðvar greiði í tilvikum margfalt það verð sem beint aðgengi að urðunarstað kostar. Þessi breyting kemur að hluta til móts við þá gagnrýni og er einnig hreyfiafl til að auka flokkun og draga úr álagi á urðunarstað en urðun hefur farið umtalsvert fram úr starfsleyfi undanfarin 2 ár. Í töflunni hér að neðan er samantekt á tillögum að gjaldskrárbreytingum.



	2024	2025	Breyting %
Úrgangsförgun	31.050	36.639	18
Hreinsigjald	45.152	53.279	18
Auka græn	14.000	16.520	18
Fyrirtækjakort	32.000	32.000	0
Heimiliskort	8.000	8.000	0
Þernunes			
Gróft/blandað	56	76	36
Timbur	53	56	5,6
Kjöt og sláturúrg.	47	50	5,6
Seyra	42	44	5,6
Fita	42	44	5,6

Taflan sem fer hér á eftir er til einföldunar á notkun klippikorta og kemur í stað sambærilegra upplýsinga frá eldri gjaldskrá.

	Fjöldi klippa	
	Heimiliskort	Fyrirtækjakort
Gjaldfrjáls heimilisúrgangur - flokkað efni **)	0	N/A
Gjaldskyldur úrgangur - flokkað efni *)	1 x	1 x
Óflokkaður úrgangur	2 x	2 x

Rúnar Ingi Hjartarson

Verkefnastjóri umhverfismála

